

**51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
nordur- og austurumdæminu, um kornlán handa
Skagafjarðarsýslu.**

1867.
4. október.

Dómsmálastjórnin hefir skrifað sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu í dag á þessa leið:

„Í bænarskrá, dagsettri 11. ágústmán. þ. á., sem hingað hefir borizt beina leið, hafið þér, herra sýslumaður, skýrt frá, að vegna þess, hversu umliðinn vetur var harður, vorið kalt og verðið á íslenzkum vörum lágt, sè ástandið í Skagafjarðarsýslu mjög slæmt, og með því að þar við bætist, að mjög lítið er til af matvöru á verzlunarstöðunum, sè að yðar hyggju full ástæða til að búast við almennu hallæri að vetri komanda, ef ekki verða gjörðar ráðstafanir til að afstýra því. Vegna þessa hafið þér farið þess á leit, að stjórnarráðið, til þess að bæta úr mestu vandræðunum, láti senda nú í haust upp til Skagafjarðarsýslu kornfarm, hèrumbil 500 tonnur, sem sè 300 tonnur af rúgi, 150 tonnur af bankabyggi og 50 tonnur af baunum, og hefir amtmaðurinn yfir nordur- og austurumdæminu, er þér höfðuð sent eptirrit af bænarskrá yðar, lagt mikillega fram með henni.

„Með því að stjórnarráðið eptir þessari lýsingu á ástandinu í Skagafjarðarsýslu hefir álitid sèr skylt að gjöra allt, sem í þess valdi stendur, til þess að afstýra bágingum þeim, sem hætt er við, höfum vér á kostnað íslenzka styrktarsjóðsins látið kaupa þær 500 tonnur af rúgi, sem til eru færðar á meðfylgjandi farmskrá — því að bankabygg og baunir eru í svo háu verði, að stjórnarráðinu hefir þókt ógjörningur að láta kaupa neitt af þeim korntegundum — og leigt skipið Aurora, sem Thaae kaupmaður á, til að flytja kornmat þenna til Hofsóðs verzlunarstaðar til yðar umráða.

„Um leið og yður, herra sýslumaður, er tilkynnt þetta, eruð þér beðnir að útbýta þessum kornmat meðal þeirra sveita í Skagafjarðarsýslu, sem bágstaddastar eru, fyrir 13 rd. 32 sk. fyrir hverja tunnu, annaðhvort móti borgun úti hönd, eða sem láni til hlutaðeigandi hreppa með þeim skilmálum, að borgaðar

1867.

4. október.

„verði leigur af því 4 af hundraði frá þeim degi, að kornið
 „er selt af hendi til hvers hrepps um sig, og að lánið sé
 „borgað aptur á 7 árum, sjöundi hluti á ári hverju, þannig, að
 „fyrsti sjöundi hlutinn sé borgaður innan ársloka 1868, ásamt
 „leigum þeim, sem þá verða áfallnar, og þannig framvegis
 „sjöundi hluti og eins árs leiga innan loka hvers árs þar á
 „eptir, þangað til allt lánið er borgað. Vær vonumst eptir, að
 „þér gangið ríkt eptir, að skilmálar þessir um borgun lánsins
 „verði vandlega upp fylltir, og eiga hlutaðeigandi hreppstjórar í
 „því skyni að gefa skuldbindingar-skýrteini fyrir korni því, er
 „þeir taka við handa hverjum hreppi um sig, og í því skuld-
 „binda hreppinn til að uppfylla hina settu skilmála afdráttarlaust,
 „og eins að þér, eins og vera ber, hafið tilsjón með, að korn-
 „mat þeim, sem hver sveit um sig fær, verði útbýtt með til-
 „hlýðilegri nærgætni, þannig að hinir bágstöddustu séu æfinlega
 „láttnir ganga fyrir. Að endingu skal því við bætt, að það er
 „vitaskuld, að allur kostnaður, sem kann á að falla, eptir að
 „kornið er komið þangað, sem því er ætlað, t. a. m. leiga
 „fyrir geymsluhús, borgun fyrir að mæla kornið o. s. frv., er
 „stjórnarráðinu óviðkomandi, og verða sveitirnar, sem í hlut
 „eiga, að borga hann.

„Með því að stjórnarráðinu, rétt í því að verið var að af-
 „greiða þetta bréf, barst skýrsla frá amtmanninum í norður- og
 „austurumdæminu um ástandið í Eyjafjarðarsýslu, er fer því
 „fram, að hætt sé við hallæri þar í sýslunni að vetri komanda,
 „en stjórnarráðið ekki sér sér fært að senda þangað skip með
 „kornmat, höfum vér ritað tæðum embættismanni, að hann megi
 „ráðstafa 150 tunnum af korni því, sem sent er hér með til
 „Skagafjarðarsýslu, til þess að bæta úr vandræðunum í Eyja-
 „fjarðarsýslu, ef brýn nauðsyn þykir til bera, og eruð þér því
 „beðnir um að útbýta ekki fyrst um sinn meiru en 350 tunnum
 „af korni þessu meðal hreppanna í Skagafjarðarsýslu, fyr en þér
 „hafið fengið ítarlegri fyrirskipun frá amtmanninum um þær
 „150 tonn, sem honum eru veitt umráð yfir.”

Um leið og yður, herra amtmaður, er tilkynnt það sem
 hér fer á undan, yður til leiðbeiningar, útaf bréfi yðar 17.

1867.
4. október.

ágústmán. þ. á., skal yður til vitundar gefið útaf skýrslu yðar 12. f. m., er hingað barst í gær, um ástandið í Eyjafjarðarsýslu, þar sem þér biðið um rentulaust lán til þess að kaupa og senda upp til Eyjafjarðarsýslu 300 tonnur af allskonar kornmat, að, ef að þér ætlist til með þessum tillögum yðar, að nú í haust skuli sent skip til Eyjafjarðarsýslu með korni á kostnað stjórnarinnar, þá getur stjórnarráðið — sem að öðru leyti verður að álíta eptir skýrslum þeim, er það hefir fengið hjá kaupmönnum Guðmann og Hoepsner, og bera með sér, að 300 tonnur af kornmat hafi verið fluttar til Akureyrar nú í haust, að vandræðum þeim, sem þér óttist fyrir, sè borgið með því — ekki sèð sér fært að verða við áskorun yðar, en aptur á móti skal yður veitt heimild til að ráðstafa allt að 150 tonn um af kornvörum þeim, sem getið er um hér að framan og sendar voru til Skagafjarðarsýslu, til þess að afstýra hallæri í Eyjafjarðarsýslu ef þar að kemur, og brýn nauðsyn ber til, og skal því við bætt, að korn það, sem kann að verða útbýtt samkvæmt þessu meðal hreppanna í Eyjafjarðarsýslu, skal lánað með þeim kjörum, sem sett eru hér að framan.

Vér búumst við að fá með fyrstu ferð hingað skýrslu um, hverjar ráðstafanir þér gjörið í þessu efni.

52. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um veitingu Miðgarða brauðs í Grímsey. 19. október.

Eptir að málefnið um veitingu Grímseyjar brauðs í norður- og austurumdæminu á Íslandi hefir, samkvæmt bréfi stjórnarráðsins 8. júnímán. þ. á., verið lagt fyrir sýnóðus í Reykjavík, og síðan verið fengið álit brauðamatsnefndarinnar um það, hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, getið þess í bréfi 15. ágústmán. þ. á., að þér hljótið að fallast á